



Útsýnissvæði við Bjólf

Samkeppni um skipulag og hönnun áfangastaðar

Keppnislýsing

Aðdragandi:

Sveitarfélagið Múlaþing efirir til samkeppni um skipulag og hönnun áfangastaðar og útsýnissvæðis við snjóflóðavarnargarða á Bjólfi í Seyðisfirði.

Austan Seyðisfjarðarkaupstaðar rís Bjólfstindur fremri, rúmlega 1.000m hár. Í um 650m hæð í fjallinu er stallur sem mótast af hólum og hryggjum. Þar voru reistir snjóflóðavarnargarðar á árunum 2003-2005, en snjóflóð úr Bjólfi eru vel þekkt. Við byggingu snjóflóðavarna var útbúið mjög einfalt útsýnissvæði við Bæjarbrún, ofan við svokallað Jókugil.

Grófur malarvegur liggur að Bæjarbrúninni (varnargörðunum), sem er aðeins fær fjórhjóladrifnum jeppum. Vegurinn liggur frá Fjarðarheiði og tekur akstur að Bæjarbrúninni um 15-20 mínútur. Vegurinn er aðeins fær þegar snjóá leysir, eða frá júní og fram í nóvember. Hann er að mestu einbreiður og er óstikaður.

Núverandi útssýnissvæði á Bæjarbrúninni er mjög einfalt og smátt í sniðum, staðsett á fjallsbrún Bjólfs þar sem fallhætta er nokkur. Stórfenglegt útsýni er frá Bæjarbrún yfir bæinn, út fjörðinn og langt á haf út. Myndefni þaðan hefur verið nýtt í fjölbreyttu markaðsefni, m.a. af Íslandsstofu. Frá svæðinu liggur óstikuð gönguleið sem tengist gönguleiðum í Vestdal.

Í áfangastaðáætlun Austurlands er svæðið metið sem vænlegur segull, sem gæti orðið afar vinsæll á Austurlandi.

Útsýnissvæðið er merkt á uppdrætti aðalskipulags Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030.



Mynd 1 - Skýjum ofar

Efnisyfirlit

1.	Markmið	4
2.	Samkeppnisvæði	5
3.	Núverandi aðstæður - Seyðisfjörður	6
4.	Örnefni.....	7
5.	Snjóflóðagarðar.....	8
6.	Fornleifaskráning.	9
6.2	Haugur	9
6.3	Fjörður, landnámsbær Bjólfs.	9
6.4	Bjarna Dísá – minnisvarði	9
7.	Aðalskipulag.....	10
8.	Deiliskipulag.....	11
9.	Veðurfar.....	11
10.	Afurð	12
10.1.	Leiðarljós	12
10.2.	Markmið	12
10.3.	Sjónarmið dómnefndar	12
11.	Tilhögun samkeppni	13
11.1.	Almennar upplýsingar.....	13
	<i>Lykildagsetningar:</i>	13
11.2.	Keppnisgögn	13
11.3.	Dómnefnd og ritari dómnefndar	14
11.4.	Trúnaðarmaður	14
11.5.	Keppnistillögur	15
11.6.	Fyrirspurnir	15
11.7.	Skilafrestur – merking og afhending gagna	15
11.8.	Úrslit, sýning, rýnifundur og varðveisla keppnistillagna	16
11.9.	Samþykki keppnislýsingar	16

1. Markmið

Markmið samkeppninnar er að bæta öryggi og aðgengi ferðamanna að Bæjarbrún, en jafnframt stuðla að verndun lítt snortinnar náttúru á tímum vaxandi fjölda ferðafólks. Verkefninu er ætlað að bæta aðstæður og skapa aðdráttarafl á svæði sem hefur mikil tækifæri til þess að vera einn af fjölsóttustu útsýnisstöðum Austurlands. Ýmsar fyrirstöður eru þó á, erfitt er að sækja staðinn af ýmsum ástæðum, þó einna helst vegna vegamála en eins vantar vatn og rafmagn á svæðið.



Mynd 2

Seyðisfjörður er einn af helstu seglum Austurlands og þetta mun stuðla að bættri aðstöðu ferðamanna á Bæjarbrún þar sem sjá má Seyðisfjörð í nýju ljósi.

Leitast er eftir að fá fram hugmyndir að hönnun sem fellur vel að umhverfi svæðisins og tryggir öryggi ferðamanna. Hönnun útsýnissvæðisins er ætlað að stuðla að sérstakri upplifun fyrir þá sem koma til með að heimsækja áfangastaðinn. Mikilvægt er að hönnunin taki mið af *aðgengi fyrir alla*.

Samkeppnin snýr einnig að útfærslu á einbreiðum malarvegi með útskotum, sem bætir þannig aðgengi, tryggir öruggari umferð að útsýnissvæði með merkingum, stikum og stækkun útskota. Útfærslur að útsýnissvæði þurfa að taka mið af öryggi ferðamanna, bæði gangandi og akandi; stækka þarf bílastæði og gera þarf rútum kleift að keyra veginn og snúa við á útsýnissvæðinu þannig að það trufli ekki almenna umferð.

Gert er ráð fyrir að tillögur innihaldi a.m.k. eftirfarandi þætti:

- Staðsetningu og hönnun útsýnisstaðar á skilgreindu svæði við eða út fyrir fjallsbrún
- Bílastæði fyrir u.þ.b. 10 bíla við útsýnisstað. Æskilegt er að bílastæði séu í um 2-300m fjarlægð frá útsýnisstað.
- Stígakerfi frá bílastæði og að útsýnisstað með aðgengi fyrir hreyfihamlaða.
- Útfærslur á útskotum á aðkomuvegi svo bílar geti mæst á völdum stöðum. Athugið að hér er ekki átt við að breikka veginn né byggja hann sérstaklega upp. Það að fara um einbreiðan malarveg í hlíðum fjallsins er hluti af upplifuninni.

Á þessu stigi er ekki gert ráð fyrir salernis- og/eða þjónustuaðstöðu, landvörslu né annarri þjónustu við ferðamenn.

2. Samkeppnisvæði

Útsýnissvæðið ásamt bílaplani er um 2.500m² að stærð eins og það er í dag. Heimilt er að fara eitthvað útfyrir skilgreint svæði sé þess nauðsyn við úrlausn verkefnisins.



Vegur að útsýnissvæði er um 5 km langur og er aðkoma á veginn og útfærslur vegna útskota á veginum hluti af samkeppnisvæðinu.

Aðkoma að áfangastaðnum er nokkuð erfið en ekið/gengið er frá afleggjara af Seyðisfjarðarvegi. Vegurinn er sem segir um 5 km malarvegur. Afleggjarinn er ómerkur, engin afmörkuð bílastæði eru við upphaf leiðarinnar en sett hafa verið upp tvö upplýsingaskilti á malarpúða við afleggjarann.

Vegurinn er að mestu einbreiður og er ekki stíkaður, það getur því verið vandasamt að fíkra sig eftir honum, t.d. í þoku og bleytu. Dæmi eru um að Björgunarsveitir hafi verið kallaðar út til þess að aðstoða ferðamenn af veginum og að vegi nr. 93 (Seyðisfjarðarvegur).

Vegaslóðinn að útsýnissvæðinu er aðeins fær 4x4 jeppum/jepplingum, enda á tíðum mjög grófur. Vegurinn er staðsettur að hluta í brattri fjallshlíð Bjólfs.



Mynd 3

Frá útsýnissvæði við Bæjarbrún er hægt að ganga niður í Vestdal, sem er hluti af göngustígaverkefni Seyðisfjarðar og má gjarnan tengja þessi tvö svæði betur saman. Vert er þó að taka fram að gönguleiðin sem um ræðir er ekki stikuð.

3. Núverandi aðstæður - Seyðisfjörður

Seyðisfjarðar er fyrst getið í Landnámu þar sem segir: „Bjólfur fóstbróðir Loðmundar nam Seyðisfjörð allan og bjó þar alla ævi; hann gaf Helgu dóttir sína Áni einum ramma, og fylgdi henni heiman öll en nyrðri strönd Seyðisfjarðar til Vestdalsár. Ísólfur hét sonur Bjólfs, er þar bjó síðan og Seyðfirðingar eru frá komnir“. Ekki kemur fram hvar Bjólfur settist að, en almennt er talið að hann hafi búið í Firði. Fornleifarannsókn 1997 leiddi í ljós að byggð hefur verið í Firði allt frá landnámsöld fram á þá tuttugustu.

Seyðisfjörður er langur og djúpur fjörður sem gengur inn í landið til suðvesturs. Mjög góð hafnarskilyrði eru í firðinum frá náttúrunnar hendi og hefur það án efa átt stóran þátt í því að verslun hófst á Seyðisfirði um miðja 19. öld. Mikil þéttbýlismyndun og uppbygging varð svo í kaupstaðnum undir lok 19. aldar og byrjun þeirrar 20. í kjölfar þess að danskir kaupmenn hófu verslunarrekstur og Norðmenn hófu veiðar á síld og þorski. Á þessum tíma mynduðust fjórir byggðakjarnar í firðinum; á Vestdalseyri, Fjarðaröldu, Búðareyri og á Hánefsstaða- og Þórarinsstaðaeysum. Fjarðaralda og Búðareyri eru innst í firðinum, í landi Fjarðar.

Seyðisfjörður var gerður að löggiltu kaптúni árið 1842 og fékk kaupstaðarréttindi árið 1895.


Seyðisfjörður er sem fyrr segir djúpur fjörður, um 17 km langur, umkringdur háum tilkomumiklum fjöllum sem mörg teygja sig yfir 1.000m hæð. Þéttbýlið sem gengur í almennu tali undir nafninu Seyðisfjörður stendur fyrir botni fjarðarins á milli Bjólfs og Strandartinds. Á Búðareyrinni við „Lónið“ er nokkuð samfelldur kjarni af gömlum timburhúsum sem flest eru byggð um aldamótin 1900, auk þess sem slík hús eru víða annars staðar í bænum og setja mikinn svip á þéttbýlið.

Inn úr firðinum gengur dalverpi í áttina að Fjarðarheiði og um þá heiði liggur vegurinn til Egilsstaða, sem gerður varð akfær 1934. Fjarðarheiðin hefur frá upphafi verið mikill farartálmi þegar veður eru vond. Samkvæmt núgildandi samgönguáætlun er gert ráð fyrir því að Fjarðarheiðargöng verði næsta jarðgangaframkvæmd á landinu. Fjarðarheiðargöng eru nú í matsferli og áætlað að framkvæmdir hefjist árið 2022.

Frá náttúrunnar hendi er hafnaraðstaðan í firðinum einstök sem hefur gert Seyðisfjörð að mikilvægri samgönguæð allt frá aldamótunum 1900 til dagsins í dag. Er það einkum vegna nálægðarinnar við meginland Evrópu. Eina farþega- og bílferjan sem siglir milli Íslands og meginlands Evrópu kemur til Seyðisfjarðar vikulega.

Árið 1975 hófu Færeyingar áætlunarferðir á sumrin með bíla- og farþegaferju milli Seyðisfjarðar og Norðurlanda, í samvinnu við heimamenn. Í dag flytur Norræna ríflega 20 þúsund farþega til og frá landinu árlega. Komum skemmtiferðaskipa hefur fjölgað mikið í áranna rás, ríflega 40 þúsund farþegar komu með skemmtiferðaskipum til Seyðisfjarðar árið 2019 með 68 skipum, en það ár var metár bæði í fjölda skipa sem og farþega. Til Seyðisfjarðar koma árlega um 350-400.000 ferðamenn.

4. Örnefni



Mynd 4

Ekki er vitað um mörg örnefni á samkeppnissvæðinu sjálfu, en þó má nefna örnefnin Haugur, (Bæjar)Brún, Jökugil, Býhólsbrák og Röð sem tengjast svæðinu landfræðilega.

Nafnið Seyðisfjörður er mönnum nokkur ráðgáta, líklega samstofna við sauður og seyðir, hvort tveggja dregið af sögninni að sjóða. Sumir sjá fyrir sér að Bjölfur landnámsmaður hafi séð vaðandi síld í firðinum og hafi það ráðið nafninu. Einnig hefur verið bent á það að hugsanlegt sé að nafnið stafi frá þokumyndun í fjörðunum (samanber Austfjarðapökuna). Annar möguleiki er að straumar eða iðuköst geti skýrt nafngiftina og straumlag líkist á einhvern hátt sjóðandi vatni.

Á hnjúki utan við Haugsmýrar á Vestdalsheiði er að finna örnefnið Haugur (sjá mynd nr.5). Þar segir sagan að Bjölfur landnámsmaður Seyðisfjarðar (skv. Landnámu) sé heygður. Athyglisvert er að í jafnmikilli lofthæð og Haugur er fannst „Fjallkonan“ á Vestdalsheiði. Kviknað hafa spurningar um hvort þarna séu hugsanlega vísbendingar um fleiri grafir í fjöllum og getgátur eru um að „Fjallkonan“ sé Helga dóttir Bjólfs landnámsmanns.



Mynd 5

5. Snjóflóðagarðar

Útsýnissvæðið við Bæjarbrún er neðan við

snjóflóðavarnargarðana.

Í júní 2003 var hafist handa við uppbyggingu snjóflóðavarna á Brún í Bjólfi. Um er að ræða tvo snjóflóðavarnargarða, leiðigarð og þvergarð.

Garðarnir eru 20m háir og er neðri hluti þeirra hlaðinn með hallanum 1:1,3–1:1,5. Efri hluti þeirra (10m) er brattur 1:0,25, byggður með netgrindum. Leiðigarðurinn er

tæplega 200 m langur og þvergarðurinn um 450 m. Jarðvegsefni í garðana var að öllu leyti tekið af vinnusvæðinu en gert er ráð fyrir að heildarrúmmál fyllinga í garðana hafi verið rúmlega 210.000m³.

Snjóflóð úr Bjólfi eru vel þekkt og í febrúar 1885 féll þar eitt mannskæðasta snjóflóð á Íslandi þegar 24 fórust og 14 íbúðarhús sópuðust burt. Fjöldi útihúsa og fiskhjalla á stóru svæði skemmdust og eyðilögðust.

Talið er að tíðni flóða ofan Brúnar (á útsýnissvæðinu) sé mun hærri en neðan hennar og eiga snjóflóðavarnargarðar að koma í veg fyrir að flóð þaðan nái yfir Brún og niður í byggðina.

Eitt dæmi er um snjóflóð sem farið hefur yfir snjóflóðavarnargarðana. Flóðið féll árið 2006, en náði ekki út yfir Brún.



Gestir á útsýnisstað við vígslu snjóflóðamannvirkjanna.

Nokkrum árum síðar var bætt við einföldu handri við útmörk svæðisins og afmarkar það svæðið betur en áður auk þess að bæta öryggið á staðnum.



Við gerð garðanna (2003-5) var útbúið einfalt útsýnissvæði og er það merkt sem slíkt í Aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar.



6. Fornleifaskráning

Ekki er vitað um fornleifar á samkeppnisvæðinu sjálfu.

Vert er þó að taka fram að merkir fornleifafundir hafa fundist tengdir svæðinu beint og óbeint og má þá einna helst nefna Fjallkonuna og landnámsbæinn Fjörð sem talið er að landnámsmaðurinn Bjólfur hafi byggt.

6.1 Fjallkonan og Vestdalur

Sumarið 2004 fundust fyrir tilviljun bein, nælur frá Víkingaöld og mikið perlusafn nokkru ofan við Vestdalsvatn, þar sem heitir Vatnsdalur sem liggur norðan við fjallið Bjólf. Gönguleið frá útsýnissvæði tengist svæðinu um eggjar Bjólfs og yfir á gönguleið sem tengist leiðum niður Vestdals eða áfram að Vestdalsvatni.

Gönguferð um Vestdal í Seyðisfirði að Vestdalsvatni og að skúta "fjallkonunnar" er vinsæl gönguleið innan fjarðarins.

Vestdalur og Vestdalseyri eru á náttúruminjaskrá sökum sérstæðs gróðurfars og menningarminja. Hluti leiðarinnar er gömul póst- og verslunarleið er var ein sú fjölfarnasta austanlands á nítjándu öld og fram á hina tuttugustu. Má sjá fallegar gamlar veghleðslur og vörður.

Rannsókn á fornleifafundinum við Vestdalsvatn leiddi í ljós bein úr konu um þrítugsaldur frá því um 940. Telst beina- og perlufundurinn með merkari fornleifa-uppgötvunum hérlandis. Gönguleiðir upp að Vestdalsvatni, að skúta "fjallkonunnar" inn Stafdal, upp á Bjólf, yfir í Loðmundarfjörð eða yfir á Hérað liggja um Vestdalinn.

6.2 Haugur

Á hnjúki utan við Haugsmýrar á Vestdalsheiði er að finna örnefnið Haugur (sjá mynd nr. 5). Þar segir sagan að Bjólfur landnámsmaður Seyðisfjarðar (skv. Landnámu) sé heygður. Athyglisvert er að í jafnmikilli lofthæð og Haugur er fannst „fjallkonan“ á Vestdalsheiði. Kviknað hafa spurningar um hvort þarna séu hugsanlega vísbendingar um fleiri grafir í fjöllum.

6.3 Fjörður, landnámsbær Bjólfs.

Um landnám í Seyðisfirði segir svo í Landnámu: "Bjólfur fóstbróðir Loðmundar nam Seyðisfjörð allan ok bjó þar alla ævi; hann gaf Helgu dóttir sína Áni enum ramma, ok fylgði henni heiman öll en nyrðri Strönd Seyðisfjarðar til Vestdalsár. Ísólf hét sonr Bjólfs, er þar bjó síðan ok Seyðfirðingar eru frá komnir."

Í sambandi við undirbúning að gerð snjóvarnargarða í hlíðum fjallsins Bjólfs fyrir ofan Seyðisfjörð hafa verið gerðar frumathuganir á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði frá árinu 1997. M.a. fór fram frummat á því hvort einhverjar menningarsögulegar minjar væru í hættu vegna framkvæmdanna.

Á síðari hluta 19. aldar myndaðist nokkur byggð ofan túns í Firði. Þann 18. febrúar 1885 féll mannskætt snjóflóð úr fjallinu Bjólfi yfir þessa byggð og allt niður að sjó. Alls fórust 24 og margir slösuðust auk þess sem að 16 hús skemmdust í flóðinu. Snjóflóðið er hið mannskæðasta á Íslandi.

6.4 Bjarna Dísa – minnisvarði

Gönguklúbbur Seyðisfjarðar í samstarfi við og af frumkvæði Kristínar Steinsdóttur rithöfundar settu upp minningarskjöld um Þórdísi Þorgeirsdóttur sem lést á voveifanlegan hátt í Stafdal árið

1797. Skjöldurinn er staðsettur á vörðu í Stafdal og leiðin að vörðunni hefur verið stikuð (0,7 km). Gönguleiðin liggur frá afleggjaranum að snjóflóðavarnargörðum.

7. Aðalskipulag

Í Aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030 er samkeppnissvæðið á Bjólfi skilgreint sem „Óbyggð svæði“, en þó er einnig merkt inn á skipulagið *útsýnisstaður*, sem byggður var í kjölfar uppbyggingar snjóflóðavarnargarða á *Bæjarbrún* Bjólfs.

Í greinagerð kemur meðal annars fram um helstu markmið og stefnu:

„Skapa umhverfi fyrir byggð sem getur þróast og eflst með því að nýta á sjálfbæran hátt gæði lands og sjávar í sátt við náttúruna“.

Helstu markmið eru m.a.:

- Að stuðla að betra umhverfi í samgöngu-, útivistar-, umhverfis- og samfélagsmálum til hagsbóta fyrir íbúa.
- Að nýta uppbyggingarmöguleika í fullu samræmi við landslag, staðhætti og náttúrufar.
- Taka fullt tillit til ofanflóðahættu.

Umhverfismál og útivist

Markmið:

Í Aðalskipulagi kemur fram að leitast verði við að bæta aðgengi að útivistarsvæðum sveitarfélagsins, hvort sem þau séu skilgreind sem óbyggð svæði eða sérstaklega sem útivistarsvæði.

Óbyggð svæði

Óbyggð svæði eru utan og ofan núverandi og fyrirhugaðrar byggðar. Þau er opin til almennrar útiveru. Á opnum svæðum utan girðinga og ræktarlanda verða hefðbundnar landnytjar heimilar með þeim takmörkunum sem felast í ákvörðunum um verndarsvæði þar sem það á við. Slík svæði eru auk þess opin almennrar útivistar. Mannvirkjagerð skal þar vera í lágmarki og miðast fyrst og fremst við reiðvegi og merktar gönguleiðir.

Útivistarsvæði

Góð útivistarsvæði og útivistarmöguleikar eru á Seyðisfirði. Vestdalur og Vestdalseyri eru vinsælt útivistarsvæði bæði að sumri og vetri. Golf, hestamennska og gönguferðir eru vinsæl afþreying ásamt gönguskíðum og vélsleðamennsku sem er mikið stunduð yfir vetrarmánuðina bæði niðri í bæ og upp á Fjarðarheiði. Kajaksiglingar hafa verið stundaðar í Lóninu og út með firði og undanfarin ár verið rekin kajakleiga. Skíðasvæðið í Stafdal er í stöðugri uppbyggingu og með tilkomu nýs skíðaskála og lyftu hafa möguleikar þar aukist verulega. Framtíðaruppbygging svæða til útivistar og afþreyingar verður á núverandi svæðum. Útivistarsvæði eru sýnd á Aðalskipulagi sem opin svæði til sérstakra nota og merkt með viðeigandi skýringum. Stefnt er að því að laga núverandi vegi sem ekki eru þegar fullgerðir að útivistarsvæðum og gera áningarstaði á stöðum þar sem þeir falla vel að landslagi.

8. Deiliskipulag

Ekki er til deiliskipulag af svæðinu.

9. Veðurfar

Vindafar í Seyðisfirði mótast mjög af fjöllum og landslagi, en einnig af hafinu.


Á Seyðisfirði hafa verið gerðar veðurathuganir síðan 1906 að vísu með nokkrum hléum. Starfrækt var mönnuð veðurathugunarstöð frá 1957 til 2003. Á Vestdalshálsi var sett upp sjálfvirk veðurathugunarstöð 1995 og starfrækt mönnuð úrkomustöð á Hánefsstöðum sem var sett upp árið 2002. Á Seyðisfirði er starfandi snjóeftirlitsmaður í hlutastarfi vegna athugana varðandi ofanflóðahættu.

Það sem einkennir veðurfar á Seyðisfirði eru öfgar í veðrinu.

Fjörðurinn er talinn skjólsæll og oft er veður kyrrt og blankalogn vegna skjóls af fjöllum. Lofthitamunur við botn og mynni fjarðarins hefur mikil áhrif á sveiflur í hafgolu og landgolu inn og út fjörðinn.

Ríkjandi vindátt er eftir stefnu fjarðarins, norðaustanátt út fjörðinn og suðvestan vindátt inn fjörðinn. Vestlægar áttir geta verið mjög slæmar, sérstaklega þegar vindur stendur af fjallaskörðum og þröngum dölum. Í mjög hvössu veðri geta staðbundnir vindstrengir verið afar sterkir og vindur byljóttur. Þannig getur verið mjög hvasst í hluta þéttbýlisins án þess að íbúar í öðrum hverfum verði veðurs mikið varir. Vindhraði hefur mælst meiri en 60m/s á skipum í höfninni. Þá getur úrkoma verið mjög mikil á stuttum tíma og fylgir oft aust- og suðlægum áttum. Yfir 100 mm á innan við 6 tímum hefur nokkrum sinnum sést og þegar svo mikil ákoma stendur í marga klukkutíma er hætta á skriðuföllum og aurflóðum.

Mikil aur- og snjóflóð hafa fallið á Seyðisfirði í gegn um tíðina og valdið tjóni og mannskaða.



10. Afurð

10.1. Leiðarljós

Almenn leiðarljós samkeppninnar:

- Hönnun og skipulagið skal stuðla að sjálfbærni svæðisins.
- Tryggja öryggi fólks á svæðinu.
- Hönnun mannvirkja skal taka tillit til Áfangastaðaaætlunar Austurlands.
- Hönnun skal tryggja lágmarks viðhalds- og rekstrarkostnað.
- Tryggja skal að náttúrulegur fjölbreytileiki landslags og lífríkis skerðist ekki.
- Svæðið skal hannað sem áfangastaður sem stuðlar að útivist og hreyfingu.
- Við hönnun skal hugað að aðgengi fyrir alla.

10.2. Markmið

Markmið samkeppninnar er:

- Að setja fram raunhæfa framtíðarsýn fyrir svæðið. Framtíðarsýnin tryggi öryggi fólks um leið og hún veitir upplifun á svæðinu. Þátttakendum er frjálst að leggja til breytingar á núverandi göngustígum eða öðru við skilgreint svæði. Skipulag og hönnun skal þó bera virðingu fyrir núverandi náttúru sem og öðru á svæðinu.
- Að setja fram hugmyndir um aðkomuveg að svæðinu, staðsetningu merkinga, útskot og annað sem tryggir öryggi ferðalanga að svæðinu frá þjóðvegi.
- Að setja fram hugmyndir að hönnun útsýnispalls sem verður staðsettur innan við eða í námunda við tilgreint svæði.
- Að útsýnisstaðurinn verði einstakur í sínum flokki hvað varðar fagurfræði og staðsetningu.
- Að marka ákveðna stefnu sem stýrir ferðamönnum og lágmarkar slysa- og fallhættu á svæðinu.
- Að skipulag, yfirbragð og form mannvirkja falli vel að núverandi landslagi.
- Að setja fram hugmyndir að efnisnotkun sem styrkir heildstæða upplifun á svæðinu.
- Hámarkskostnaður vegna framkvæmdar á grundvelli vinningstillögu er áætlaður frá 10-35 millj. (m.vsk).

10.3. Sjónarmið dómnefndar

Eftirtalin atriði verða lögð til grundvallar á mati dómnefndar á tillögum.

- A. Heildaryfirbragð, ásýnd og áhugavert kennileyti. (25 stig)
- B. Aðkoma, bílastæði og skipulag útsýnisstaðar. (25 stig)
- C. Umhverfi öryggi og ferlilmál í og við mannvirki (15 stig)
- D. Efnisval og tæknileg hönnun mannvirkis (20 stig)
- E. Byggingar- og viðhaldskostnaður, raunhæfni tillögunnar (15 stig)

11. Tilhögun samkeppni

11.1. Almennar upplýsingar

Samkeppnin er skilgreind sem lokuð hugmyndasamkeppni og eru fjögur hönnunarteymi valin sem taka þátt að undangengnu forvali/úrdrætti.

Þau teymi sem dregin voru út til þátttöku njóta nafnleyndar á meðan samkeppni stendur.

Gert er ráð fyrir að ein tillaga verði valin til verðlauna.

Öll fjögur hönnunarteymin fá greitt kr.1.500.000 án vsk. fyrir tillögur sínar. Múlaping áskilur sér rétt til að nýta heimildir úr öðrum tillögum þeirra fjögurra sem valin verða. Þátttakendur valdra hönnunarteyma fá greitt eftir að skilagögn hafa borist og tillögur dæmdar, að því gefnu að teymið hafi unnið tillögur sínar í samræmi við keppnislýsingu og kröfur sem eru lagðar fram í keppnislýsinu þessari. Greitt verður aukalega kr. 1.000.000 án vsk fyrir verðlaunatillöguna.

Sveitarstjórn stefnir að því að klára áframhaldandi hönnun verkefnisins í samvinnu við vinningshafa svo hægt verði að framkvæma verkið. Stefnt er að því að sækja um aðstoð við framkvæmd verksins í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Allar tillögur og öll samskipti verða á íslensku. Nafnleynd hvílir á framlögðum tillögum þar til dómnefnd hefur skilað álitinu.

Lykildagsetningar:

- Samkeppni hefst 5. júlí 2021
- Fyrirspurnarfrestur er til og með 20. ágúst 2021
- Svör við fyrirspurnum send út á alla fyrirspyrjendur 25. ágúst 2021
- Skil á samkeppnisgögnum 1. október 2021.
- Dómnefnd lýkur störfum eigi síðar en 15.október 2021

11.2. Keppnisgögn

Auk keppnislýsingar verður þátttakendum útveguð eftirtalin gögn, sem verða send með link/hlekk og er óskað eftir staðfestingu móttöku þeirra í tölvupósti.

Athugið að sum gögn munu berast síðar þar sem snjóalög á svæðinu hafa verið óhagstæð.

Keppnisgögn:

- Loftmyndir af heildarsvæðinu í ISN-93 og logo Loftmynda.
- DWG grunnur með 5m hæðalínum

- DWG grunnur með 1m hæðalínum og xml landlíkani af sjálfu keppnissvæðinu. Þessi grunnur mun berast síðar í ágúst 2021 vegna aðstæðna á keppnissvæðinu.
- Öll stafræn gögn sem og rammi loftmyndar eru í ISN-93.
- 6-8 dróna myndir (berast síðar eftir að snjóa leysir á svæðinu og verða þá sendar þátttakendum).
- Drónavideo (berast síðar eftir að snjóa leysir á svæðinu og verða þá sendar þátttakendum).

Þess utan er bent á eftirtalin gögn:

- Skipulagslög nr. 123/2010 m.s.br.
- Lög um mannvirki nr. 160/2010 m.s.br.
- Skipulagsreglugerð nr. 90/2013 m.s.br.
- Byggingarreglugerð nr. 112/2012 m.s.br.
- Lög um menningarminjar nr. 80/2012 m.s.br.
- Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 m.s.br.
- Samkeppnisreglur FÍLA.
- Menningarstefna í mannvirkjagerð.
- Handbók um aðgengi fyrir alla, sjá nánar;
<http://www.rabygg.is/adgengi/a%C3%B0gengifyriralla/handb%C3%B3kin.aspx>
- Kortasjá Múlaþings, sjá nánar; <https://map.is/mulathing/>
- Áfangastaðaáætlun Austurlands, sjá nánar;
https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/DMP/191015_austurland_dmp_summary_islensk_digital.pdf

11.3. Dómnefnd og ritari dómnefndar

Eftirtaldir eiga sæti í dómnefnd

- Björn Ingimarsson bæjarstjóri Múlaþings, fulltrúi Múlaþings
- María Hjálmarsdóttir, verkefnastjóri hjá Austurbrú og fulltrúi Múlaþings
- Oddur Hermannsson, landslagsarkitekt, fulltrúi FÍLA.

Verkefnisstjóri samkeppninnar og ritari dómnefndar er Jónína Brá Árnadóttir, Múlaþingi.
Tölvupóstur: jonina.arnadottir@mulathing.is

11.4. Trúnaðarmaður

Trúnaðarmaður tilnefndur af Félagi íslenskra landslagsarkitekta er Ólafur Melsted, landslagsarkitekt, FÍLA. – netfang trunadarmadurfila@gmail.com – sími: 899-8907.

Öllum fyrirspurnum og athugasemdum skal beint til trúnaðarmanns.

11.5. Keppnistillögur

Þátttakendur skulu skila eftirtöldum gögnum bæði útprentuðum og í PDF formatti á USB lykli.

Greinagerð:

- Greinagerð skal vera að hámarki 1000 orð og skal henni skilað í fjórum eintökum í arkarstærð A4. Þar skal lýst megininntaki tillögunnar, helstu forsendum, markmiðum og áherslum. Þá skal lýsa efnisvali, frágangi og tæknilegum útfærslum mannvirkja og nánasta umhverfis þeirra.
- Greinagerð skal einnig vera á uppdráttum. Birta skal smækkað afrit uppdrátta í A4 í greinagerð.

Teikningar:

- Skipulagsuppdráttur í mkv. 1:5000 þar sem norður snýr upp á uppdrætti.
- Afstöðumynd sem sýnir nærsvæðið í mkv. 1:500.
- Grunnmyndir og skurðmyndir eftir þörfum í mkv. 1:200.
- Aðrar skýringarmyndir, fjarvíddar- og rúmteikningar að eigin vali höfunda.
- Skila skal einni tillöguörk í stærðinni A1 (59.4x84.1cm) Teikningu skal skila upplímdri á pappa/frauðkarton eða á ógegnisæjan pappír. Tillöguörkin skal vera í sniðmátinu láréttar (landscape). Allur texti skal vera ritaður á vélrænan hátt.
- Tillöguörkinni skal skilað í tveimur eintökum, annað upplímt og hitt upprúllað.
- Öllu efni skal skilað á USB kubbi með.

11.6. Fyrirspurnir

Fyrirspurnarfrestur rennur út á miðnætti 20. ágúst 2021

Fyrirspurnir skal senda með tölvupósti til trúnaðarmanns og mun hann leggja afrit af þeim fyrir dómnefnd og verður svarað eins fljótt og kostur er. Sendir trúnaðarmaður þá lista með fyrirspurnum og svörum dómnefndar við þeim til allra skráðra þátttakenda í tölvupósti, sbr. kafla um lykildagsetningar.

11.7. Skilafrestur – merking og afhending gagna

Merkin gagna

Gögn skal merkja sem hér segir :

- Auðkenna skal öll tillögugögn með fimm stafa tölu í reit 2 x 5cm í hægra horni að neðan. Ógegnisætt umslag, merkt sömu tölu og “nafnmíði”, skal fylgja tillögunni. Í umslaginu

skal vera miði með nafni, netfangi og símanúmeri höfundar eða höfunda og samstarfsmanna.

- Tillögum skal skila ósamanbrotnum og í flötum umbúðum. Umbúðir tillögu skal merkja á sama hátt og tillöguna og á þær skal ritaður fjöldi tillögublaða. Teikningum í ramma eða gleri verður ekki veitt viðtaka. Ófrávíkjanleg skilyrði þess að tillögu sé veitt viðtaka og hún dæmd, er að henni sé skilað á réttum tíma og nafnleyndar sé gætt skv. samkeppnisreglum FÍLA.
- USB-lykill skal vera án allra auðkenna.

Skilafrestur tillagna

Tillögum skal skila sem hér segir:

Gögnum má ekki skila með netpósti. Tillögum skal skila frá kl. 14.00 og eigi síðar en kl. 16.00 þann 1. október 2021 til trúnaðarmanns að Frostaskjólí 73, 107 Reykjavík. Þeir sem óska eftir að skila tillögum fyrir þann tíma skulu hafa um það samráð við trúnaðarmann. Við afhendingu tillögu til trúnaðarmanns fær keppandi kvittun merкта auðkenni tillögunnar. Ófrávíkjanlegt skilyrði þess að tillögu sé veitt viðtaka og hún dæmd, er að henni sé skilað á réttum tíma skv. framangreindri keppnislýsingu og að nafnleyndar sé gætt.

Nægilegt er að tillögum sé komið í póst eða flugafgreiðslu fyrir lok skilafrests, enda skal vottorð um það frá hlutaðeigandi afgreiðslumanni sent til trúnaðarmanns. Auk framanskráðs skal keppandi tilkynna trúnaðarmanni innan sólarhrings að tillaga hafi verið send. Í tilkynningunni skal koma fram auðkennistala tillögunnar. Tillögum verður ekki veitt viðtaka lengur en fimm dögum eftir að skilafresti lýkur. Aðsendar tillögur skal senda á heimilisfang trúnaðarmanns (hér ofar), og skal hafa samband við trúnaðarmann ef um slíkt er að ræða. Kvittun fyrir móttöku aðsendra tillagna verður send með tölvupósti.

11.8. Úrslit, sýning, rýnifundur og varðveisla keppnistillagna

Áætlað er að dómnefnd ljúki störfum eigi síðar en 15. október 2021. Strax og nafnaleynd hefur verið rofin verður höfundum vinningstillögu tilkynnt sérstaklega um niðurstöður dómnefndar.

Fréttatilkynning um úrslit verður birt fjölmiðlum. Útbjóðandi gefur út dómnefndarálit. Hönnunarsafn Íslands mun fá allar keppnistillögur afhentar til varðveislu. Eigendur tillagna munu hafa aðgang að þeim að höfðu samráði við starfsfólk safnsins.

11.9. Samþykki keppnislýsingar

Keppnislýsing þessi ásamt samkeppnisreglum FÍLA er grundvöllur keppninnar.

Keppnislýsingin er samþykkt af útbjóðanda, dómnefndarmönnum og stjórn FÍLA.

Dómnefnd samþykkir að dæma eftir keppnislýsingu þessari.

2.júlí 2021

F.h. Múlapings

Björn Ingimarsson bæjarstjóri og formaður dómnefndar

María Hjálmarsdóttir, verkefnastjóri hjá Austurbrú

F.h. FÍLA

Oddur Hermannsson, fulltrúi FÍLA